

Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni um lögbundin verkefni Landhelgisgæslu Íslands.

1. *Hvaða lögbundnu verkefnum sinnir Landhelgisgæsla Íslands?*

Um verkefni Landhelgisgæslu Íslands segir fyrst og fremst í lögum um Landhelgisgæslu Íslands, nr. 52/2006.

2. *Hver er áætlaður heildarkostnaður lögbundinna verkefna Landhelgisgæslu Íslands og hver er áætlaður kostnaður hvers verkefnis samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2020?*

Heildarfjárveiting til Landhelgisgæslu Íslands samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2020 er 4.856,1 millj. kr. Hvorki er í lögum um opinber fjármál, gildandi fjárlögum frá Alþingi né bókhaldi stofnana gert ráð fyrir að fjárreiður þeirra séu sundurgreindar eftir einstökum lögbundnum verkefnum.